Athuzasemd.

Tímarit Mjólkurtæknifélags Íslands, Mjólkurmál 2/1978, birtir ágætt afmælisviðtal við Sigurð Guðbrandsson mjólkurbússtjóra Borgarnesi 75 ára, 4. apríl 1978, og getur hann þar fáum orðum 6 vikna starfs sín að námi loknu í Mjólkurbúi Ölfusinga 1931, ~~og~~ Er sá kafli undir millifyrirsögninni „Starf að námi loknu", og endar á bls. 6, fyrsti dálkur, neðarlega, á þessari setningu: „Samlagið starfaði ekki öllu lengur og árið 1936 lenti ég svo í því, ásamt þeim þórði Rumólfssyni og Birni Árnasyni, að gera búið upp og meta það í hendur Flóabúsins" – auðkennt af mér S. J.

Það eru þessi undirstrikuðu orð í máli Sigurðar Guðbrandssonar sem ég ekki vil að geimist framtíðinni án þess að gera við þau athuzasemd, því þau getu villt um fyrir einhverjum sem síðar rekist á þetta og ekki ríndi í það nanar. Rangminni Sigurðar í tíma um tvó ár skiftir ekki máli í þessu sambandi, en ég hafði þessa pappíra fyrir nokkrum tíma til athuzunar og ritaði þá hjá mér það sem ég teldi máli skifta og síðar þarf að koma framm. – Þann 12. apríl 1938 felur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið lögziltum endurskoðanda, Birni E. Árnasyni, „...að framankvæma endurskoðun á bókhaldi Ölfusbúsins", og þann 16. maí sama ár felur

sama ráðuneyti sérfræðingunum Sigurði Guðbrandssyni mjólkurbússtjóra í Borgarnesi og Þórði Runólfssyni véleaftirlitsmanni ríkisins „... að framunkvæma athugun á öllu ástandi Mjólkurbús Ölfusinga, húsi, vélum, áhöldum ásamt rekstri búsins. Samhliða þessu að gera áætlanir yfir kostnað við að gera búið starfhæft og tillögur um rekstur þess í framtíðinni".

Björn E. Árnason skilar skýrslu sinni þann 27. júní 1938 og skiftir hún ekki máli í þessu samhl. Sigurður Guðbrandsson og Þórður Runólfsson skila skýrslu dagsettri 1. júní 1938 – ítarleg lýsing á húsi og um ástand véla, hvað til þurfi að rekstur geti haldið áfram (fjárstuðningur), og í síðustu málsgrein segir. „... teljum við rétt að athuga hvort ekki verði heppilegra að gefa bændunum kost á að koma mjólk sinni til vinnslu í Mjólkurbúi Flóamanna, í stað þess að halda áfram rekstri þessa bús, ..."

Þetta er niðurstaða skýrslu til ráðuneytisins samkvæmt ádur útgefnu skipunarbréfi um tiltekið verkefni, en ekki mat á umræddum eignum „í hendur Flóabúsins". Ekkert er getið um það hvers virði eignirnar séu, enda ekki um það spurt.

Sigurgrímur Jónsson
Holti